



Skólaráð Tjarnarskóla
Fundargerð 51. fundar
2. fundur á skólaárinu 2025-2026
25. febrúar 2026 kl. 8.30

Mætt á fundinn:

Birna Dís Björnsdóttir, skólastjóri
Jökull Jóhann Karlsson, fulltrúi nemenda
Elizabeth Þ. Benjamínsdóttir, fulltrúi nemenda
Margrét Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Kristín Inga Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara
Sigurborg Pálína Hermannsdóttir, fulltrúi kennara
Ólöf Arnalds, fulltrúi foreldra
Margrét A. Markúsdóttir, fulltrúi foreldra

Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags boðaði forföll.

Gestir fundarins voru fulltrúar í nemendaráði þau: Adi Vignis 10. bekk, Heiða Marín Ásmundardóttir 9. bekk, Saga Ljós Sigurðardóttir 10. bekk, Ema Loriksdóttir 8. bekk og Mía H. Jakobsdóttir 8. bekk.

Birna bauð fundarmenn velkomna og bað þá að kynna sig þar sem fulltrúar í nemendaráði skólans voru gestir fundarins.

Á dagskrá voru tvö mál:

1. Kynning og umræður um skóladagatal Tjarnarskóla skólaársins 2026 – 2027

Birna lagði fram uppkast að skóladagatalinu sem var unnið á kennarafundi. Hún fór yfir hvern mánuð fyrir sig og bauð fundarmönnum að spyrja, koma með athugasemdir og tillögur um breytingar.

Helstu punktar: Skólasetning verður 24. ágúst að þessu sinni. Stefnt er að hefðbundinni göngu á Úlfarsfell 28. ágúst og haustferðin verður ferð á Þingvelli. Tillaga stærðfræðikennara að hefðbundnir ritgerðadagar, sem hafa gjarnan verið á vorin, verði færðir yfir á haustið en á móti færast þá tölfræðidagar yfir á vormánuð. Tillagan féll í góðan jarðveg.

Birna óskaði eftir álitni nemenda um þemadaga í desember. Við prófuðum að hafa nokkur uppbrót í jólamánuðinum í stað þemadaga. Nemendur í 9. og 10. bekk lýstu yfir ánægju með hefðbundnu þemadagana árin tvö á undan en líka að það hefði verið gaman að hafa mismundandi uppákomur í stað þemadaganna.

Foreldrar voru spurðir um hvað þeim fyndist um tímasetningu á sýningu nemenda á rannsóknarverkefnum í janúar. Þeir voru ánægðir með að hafa sýninguna á milli 11 og 12. Mikil aðsókn var á síðustu sýningu og nemendum fannst sýningardagurinn mjög skemmtilegur viðburður í skólanum.

Birna benti á athugasemd neðst í febrúar um að matsferill stöðu og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði yrðu á dagskrá á tímabilinu 24. febrúar til 19. mars en ákvörðun um nánari tímasetningu lægi ekki fyrir. Hún benti einnig á að fyrirmæli frá Skóla- og frístundasviði heimilaði einungis einn svokallaðan „tvöfaldan skóladag“ á skólaárinu. Árhátíðardagurinn er skráður sem tvöfaldur hjá okkur að þessu sinni, sem fyrr.

Yfirferðin endaði á skólaslitadeginum 9. júní 2027.

Eftir að Birna hafði gefið orðið laust var skóladagatalið borið upp til atkvæðagreiðslu og var samþykkt samhljóða, án athugasemda. Skóladagatalið ásamt sundurliðunarblaði og þessari fundargerð skólaráðs verða síðan send á Skóla- og frístundasvið, að venju.

2. Hugmyndir að opnum fundi skólaráðs

Birna leitaði eftir hugmyndum að efni fyrir næsta opna fund skólaráðs sem er fyrirhugaður á vordögum. Hún bað fundarmenn um að leggja höfuðið í bleyti fyrir næsta fund skólaráðsins sem verður í næsta mánuði.

Þær tillögur sem komu fram á fundinum var hinsegin fræðsla, forvarnafræðsla og fræðsla um skjátíma. Allir ætla að hafa augun opin og koma með fleiri tillögur á næsta fundi sem verður boðaður með hefðbundnum hætti.

3. Önnur mál voru engin

Öllum var þakkað fyrir góðan fund og fundi slitið.

MT